



Reykjavík
Borgarráð
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

31. október 2019

Efni: *Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýtt leiðanet Strætó.*
- R19070149

Faghópur um leiðanet var stofnaður af stjórn Strætó í byrjun árs 2019. Fyrsta verkefni hópsins var að vinna að heildstæðu leiðaneti fyrir almenningsvagna, þar sem nýtt Borgalínunet og núverandi leiðarnet eru samtvinnuð. Einn þáttur í vinnunin er samráð við notendur og er aðeins lítið brot af því lokið en það var spurningarkönnun meðal almennings. Hún var auglýst á heimasíðu Strætó, Facebook og Twitter síður Strætó, könnuninni var einnig deilt á Facebook síðu Samtaka um bíllausan lífstíl og Hollvinasamtök Strætó. Send var tilkynning á öll sveitarfélög á höfuborgarsvæðinu og á fjölmiðla. Ágætt svörun fékkst við þeim grundvallarspurningum sem sem spurt var um í könnuninni. Nú hafa drög að nýju leiðaneti lítið dagsins ljós og er verið að kynna það í sveitarfélögum á höfuborgarsvæðinu og er síðan ætlunin að almenningur geti komið með ábendingar um nýtt leiðanet á næstu vikum.

Virðingarfyllt,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri